

Föstudaginn 21. desember 1973.

Nr. 27/1973: Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir

(Hörður Ólafsson hrl.)

gegn

Thorbergi Thorbergssyni

og Sigurgeir Jónssyni, skiptaráðanda

í Kópavogi f. h. dánarbús Kristins Eiríks

Þorbergssonar

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skiptamál. Slysatryggingarfé. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Ólafur St. Sigurðsson, héraðsdómari í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða skiptadómsúrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1973. Hann gerir þær dómkröfur, að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um, að slysatryggingarfé, að fjárhæð kr. 600.000.00, frá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja skuli ekki renna til dánarbús Kristins Eiríks Þorbergssonar. Jafnframt krefst hann breytingar á úrskurðinum á þá lund, að slysatryggingarféð skuli allt greitt sér. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Thorbergs.

Stefndi Thorbergur Thorbergsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hinn stefndi skiptaráðandi hefur engar kröfur gert fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi og stefndi Thorbergur eru samkvæmt gögnum máls einkaerfingar sonar síns, Kristins Eiríks Þorbergssonar, er lézt 25. marz 1971. Hann var þá skipverji á m/b Sjö-

stjórnunni, VE 92. Hafði útgerðarmaður bátsins slysaftryggð skipverja hjá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja. Sú slysa-ftrygging var keypt, að því er ætla verður, vegna ákvæðis í kjarasamningi útgerðarmanna og sjómanna, er kvað á um, skyldu útgerðarmanna til að slysa-ftryggja þá sjómenn, sem samningurinn tók til.

Með bréfi 21. maí 1971 sendi Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja skiptaráðanda Kópavogs ávísun að fjárhæð kr. 600.-000.00. Voru það dánarbætur eftir Kristin heitinn samkvæmt nefndri slysa-ftryggingu. Beiddist vátryggingarfélagið þess, að skiptaráðandi greiddi féð „lögerfingjum Kristins . . .“ heitins. Ágreiningur reis milli áfrýjanda og stefnda Thorbergs um tilkall til fjárins. Krafðist áfrýjandi þess, að slysa-ftryggingarféð rynni ekki til dánarbúsins, heldur yrði það greitt beint til hans. Reisti hann tilkall sitt á því ákvæði kjarasamnings, er í héraðsdómi greinir, en hann taldi það ákvæði leiða til þess, að hann væri eini rétthafi til dánarbóta, sbr. 1. mgr. 102. gr. og 122. gr. laga nr. 20/1954. Stefndi Thorbergur taldi dánarbæturnar hins vegar eiga að falla til dánarbúsins og koma til skipta milli málsaðilja sem erfingja. Var þessi ágreiningur lagður undir úrskurð skiptaráðanda. Aðeins einn skuldheimtumaður hafði lýst kröfu í dánarbúið. Hafði hann ekki uppi kröfugerð vegna ágreinings þessa.

Skiptadómur úrskurðaði í fyrsta lagi, að slysa-ftryggingarféð skyldi ekki renna inn í dánarbúið til skipta sem arfur. Fyrir Hæstarétti krefjast bæði áfrýjandi og stefndi Thorbergur staðfestingar á úrlausn skiptadóms um það atriði. Verður hinn áfrýjjaði úrskurður því staðfestur að þessu leyti.

Í öðru lagi úrskurðaði skiptadómur, að slysa-ftryggingarféð skyldi greiðast að jöfnu beint til áfrýjanda og stefnda Thorbergs. Samkvæmt framansögðu var það úrlausn skiptadóms, sem stendur óhöguð, að slysa-ftryggingarféð ætti ekki að falla til dánarbúsins. Að svo vöxnu bar það ekki undir skiptaráðanda að leysa úr ágreiningi málsaðilja um tilkall þeirra til dánarbótanna. Verður því að ómerkja ákvæði hins áfrýjjaða úrskurðar um það atriði og vísa málinu að því leyti frá skiptadóminum.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að áfrýjandi hefur stefnt Sigurgeir Jónssyni bæjarfógeta fyrir Hæstarétt, en eigi Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara, svo sem rétt hefði verið samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1895. Enn fremur, að mjög þykir skorta á skýrleik í málflutningi lögmannna aðilja.

D ó m s o r ð :

Framangreint ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar á að vera ómerkt, og er þeirri kröfu vísað frá skiptadómi Kópavogs.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um, að framangreint slysaftryggingarfé frá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, að fjárhæð kr. 600.000.00, skuli ekki renna í dánarbú Kristins Eiríks Þorbergssonar, svo og ákvæði úrskurðarins um málskostnað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 17. janúar 1973.

Mál þetta ber að sem hér segir:

Hinn 25. marz 1971 lézt af slysförum við vinnu sína um borð í vélbátnum Sjöstjörnunni, VE 92, Kristinn Eiríkur Þorbergsson, Álfhólsvegi 143 í Kópavogi. Þegar slysið skeði, var verið að skipa upp afla úr bátnum í Vestmannaeyjahöfn, en Kristinn heitinn var lögskráður 2. vélstjóri bátsins. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Kristinn Eiríkur Þorbergsson var fæddur í Kanada 24. júní 1952, sonur hjónanna Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur, sem nú er búsett á Höfn í Hornafirði, og Thorbergs Thorbergssonar, nú til heimilis í New Westminster, British Columbia í Kanada. Þau hjón slitu samvistum árið 1955, og fluttist Ólína þá til Íslands með drenginn, þar sem hún hefur búið síðan, en Thorbergur varð eftir áfram í Kanada og býr þar nú, sem að ofan greinir.

Hinn 30. ágúst 1958 gaf dómsmálaráðherra út leyfisbréf til lögskilnaðar þeirra hjóna, Ólínu og Thorbergs, samkvæmt ósk Ólínu, og var þar ákveðið, að hún skyldi hafa forræði barns þeirra, Kristins Eiríks, sem hún hafði haft hjá sér, frá því þau fluttu frá Kan-

ada. Eigi var í greindu lögskilnaðarleyfisbréfi kveðið á um neinar meðlagsgreiðslur af hálfu Thorbergs vegna drengsins, enda hafði Ólína ekki gert neinar kröfur í þá átt.

Ólína giftist síðar Magnúsi Árnasyni matsveini, og bjó Kristinn heitinn æ síðan á heimili þeirra, síðustu árin að Álfrólsvegi 143 í Kópavogi, en þar var heimili þeirra, þar til þau fluttu til Hafnar í Hornafirði á s.l. hausti.

Með bréfi, dags. 21. maí 1971, sendi Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja skiptaráðandanum í Kópavogi tékka að fjárhæð kr. 600.000.00 ásamt tilmælum um greiðslu fjáris til löngerfingja Kristins heitins. Var hér um að ræða greiðslu tryggingarbóta vegna dauða Kristins heitins samkvæmt samningi Sjómannasambands Íslands f. h. íslenzkra sjómanna og samtaka útgerðarmanna hins vegar.

Innköllun var gefin út 8. júní 1971, þar sem skorað var á alla þá, er teldu til arfs eða skulda í dánarbúið, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðanda innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu.

Að loknum innköllunarfresti var haldinn skiptafundur í búinu 23. nóvember 1971. Fundinn sótti sóknaraðili, Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir, og með henni lögmaður hennar, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður. Hafði Ólína ein gert kröfu til arfs. Aðrar kröfur höfðu ekki verið gerðar utan krafa vegna þinggjalda ársins 1971 að upphæð kr. 8.021.00. Var þar lýst yfir, að engar eignir væru í búinu, en fyrrnefndar dánarbætur frá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 600.000.00, væru í vörzlu skiptaráðanda. Ákveðið var, að lögmaður sóknaraðilja tæki að sér að koma fram kröfu á hendur Tryggingastofnun ríkisins vegna lögboðinna dánarbóta. Þá upplýsti sóknaraðili, að faðir Kristins heitins, Thorbergur Thorbergsson, væri á lífi og búsettur einhvers staðar í Vesturheimi. Hefðu þau Thorbergur slitið samvistum, þegar drengurinn var tveggja ára, og hefði hann aldrei greitt neitt með barninu eða skipt sér neitt af því síðan.

Með bréfi Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 10. febrúar 1972, er þess farið á leit við skiptaráðanda, að sóknaraðilja verði greiddar út dánarbæturnar frá bataábyrgðarfélaginu, þar sem enginn annar en hún hefði gert arfstilkall og innköllunarfrestur liðinn. Þá segir enn fremur svo í bréfi þessu:

„Drengurinn á föður á lífi vestur í Ameríku eða Canada. Hefur heyrzt, að hann muni gera kröfu til hlutdeildar í umræddum dánarbótum, en svo fremi að af því verði, mun þeirri kröfu mótmælt, auk þess sem til skuldajafnaðar yrði gerð krafa um greiðslu

föðurins á meðlagi með drengnum til fullnaðs 16 ára aldurs og til greiðslu lífeyris með konunni, en faðirinn hefur aldrei innt af hendi neinar greiðslur. Ennfremur mundi þess krafizt, ef maðurinn hugsar sér að deila um þetta hér fyrir dómi, að hann leggi fram fulla peningatryggingu fyrir málskostnaði í því máli, ef hann skyldi tapa því. Hjónin munu hafa gift sig 21. apríl 1951, en slitið samvistum 22. marz 1955. Lögskilnaðarleyfi var gefið út hér að manningum fjarverandi.“

Með bréfi, dags. 16. febrúar 1972, til skiptaráðanda gerði Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður erfðatilkall í búið f. h. Thorbergs Thorbergssonar, varnaraðilja í máli þessu. Skiptaráðandi hafði þá rétt áður skrifað varnaraðilja og gert honum grein fyrir gangi málsins fram að því og fyrirhugaðri kröfugerð af hálfu sóknaraðilja, gerði hann tilkall til arfs úr búinu.

Á skiptafundi hinn 23. marz 1972 mótmælti sóknaraðili erfðatilkalli varnaraðilja sem of seint fram komnu. Jafnframt lýsti hann þeirri skoðun sinni, að í búinu væri ekki um neinn arf að ræða, þar sem dánarbæturnar væru. Var ákveðið að stofna til sérstaks skiptamáls um ágreininginn, en af hálfu sóknaraðilja var gerður áskilnaður þess efnis að koma á síðara stigi málsins fram kröfu um framfærslueyri vegna Kristins heitins og lífeyris til sóknaraðilja af hugsanlegum arfshluta varnaraðilja.

Sóknaraðili lagði fram greinargerð af sinni hálfu í þinghaldi 21. apríl 1972. Samkvæmt henni gerir hann þær kröfur, að sér verði greiddar þær dánarbætur, sem í málinu greinir, alls kr. 753.480.00, þ. e. samningsbætur, kr. 600.000.00, og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 153.480.00, svo og málskostnaður úr hendi varnaraðilja samkvæmt texta L. M. F. Í. miðað við helming þeirrar fjárhæðar, sem um sé deilt, auk alls annars kostnaðar af þessu deiluefni sérstaklega.

Þá gerði sóknaraðili kröfu þess efnis, að varnaraðili skili jafnframt greinargerð af sinni hálfu málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 80.000.00 í peningum eða í bankatryggingu, ella verði kröfum hans vísað frá dóminum.

Greinargerð af hálfu varnaraðilja kom fram í þinghaldi 27. apríl 1972. Gerði hann þær kröfur, að helmingur eigna dánarbúsins verði lagður sér út sem arfur. Hann krafðist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Varðandi kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu af sinni hálfu krafðist varnaraðili þess, að henni yrði synjað.

Leitað var sátta með aðiljum, bæði að því er varðaði kröfu sókn-

araðilja um málskostnaðartryggingu og um efnishlið málsins. Sættir tókust ekki, og krafðist varnaraðili, að úrskurður gengi um ágreininginn um málskostnaðartryggingu.

Að undangengnum munnlegum málflutningi var kveðinn upp úrskurður um atriðið 11. september s.l., og var kröfu sóknaraðilja synjað. Þessi niðurstaða skiptaréttarins var staðfest með dómi Hæstaréttar 17. október s.l.

Í þinghaldi 18. desember s.l. voru lögð fram ýmis skjöl, þ. á m. bréf, dags. 14. þ. m. frá Tryggingastofnun ríkisins til skiptaráðanda. Í bréfi þessu segir svo:

„Á fundi tryggingaráðs þann 13. des. s.l. var samþykkt að greiða Magnúsi Árnasyni, Álfhólsvegi 143, Kópavogi, dánarbætur föður vegna Kristins Eiríks Þorbergssonar, sem lézt af slysförum þann 25. marz 1971.

Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingadeild, mun greiða beint til móður og stjúp föður, Ólínar Hólmfríðar Kristinsdóttur og Magnúsar Árnasonar, Álfhólsvegi 143, Kópavogi, kr. 76.740.00 til hvors.“

Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að gagnasöfnun af þeirra hálfu væri lokið. Fór síðan fram munnlegur málflutningur hinn 8. þ. m., og var málið tekið til úrskurðar.

Kröfugerð aðilja, eins og hún er nú fram sett, er á þessa leið:

Sóknaraðili, Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir, gerir þær dómkröfur, að sér verði með úrskurði réttarins greiddar þær kr. 600.000.00, þ. e. sú fjárhæð, sem dánarbúinu hefur greiðzt af Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, auk málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Af hálfu varnaraðilja, Thorbergs Thorbergssonar, eru þær kröfur gerðar, að honum verði greiddar sem erfðahluti eftir látinn son hans, Kristin Eirík Þorbergsson, helmingur af nettóeign dánarbúsins, fjármunum og fjárréttindum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati réttarins og beri þá sérstaklega að hafa í huga þann þátt málsins, sem þegar hafi verið fluttur bæði í héraði og Hæstarétti.

Að málflutningi loknum var því lýst yfir af hálfu aðilja, að þeir væru sammála um, að úrskurður í máli þessu fjallaði eingöngu um ráðstöfun á þeim kr. 600.000.00, sem greiddar voru af Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja. Af hálfu varnaraðilja var bókaður áskilnaður þess efnis, að við áframhald skiptameðferðar búsins sé haldið fast við kröfu um greiðslu helmings af eignum búsins og fjárréttindum, þ. á m. bóta þeirra frá Trygginga-

stofnun ríkisins, sem greiddar hafi verið til móður og stjúp föður hins látna.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að umræddar dánarbætur séu ekki arfur, sem skipta beri eftir erfðalögum, enda eigi féð ekki að renna inn í dánarbúið. Heimilda til úthlutunar fjárisins sé að leita í samningi hins látna við atvinnveitendur sína, þ. e. í samningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna frá 19. febrúar 1971. Í a lið 27. gr. þess samnings sé kveðið á um, að útgerðarmaður kaupi atvinnuslysaftryggingu fyrir skipverja fyrir kr. 600.000.00 miðað við dauða, en kr. 800.000.00 við fulla örorku. Greiðist upphæðin aðstandendum hlutaðeiganda, ef hann deyi. Þeir aðstandendur, sem þarna sé átt við, séu þeir, sem voru á framfæri hins látna, eða þeir, sem hafi kostað og séð um uppeldi hans og framfærslu. Þessari skoðun til staðfestu bendir sóknaraðili á álitsgerð af hálfu Sjómannasambands Íslands, sem liggi fyrir í málinu.

Það sé upplýst og staðfest í málinu, að varnaraðili hafi ekkert meðlag greitt með syni sínum frá því hann var tveggja ára og ekkert skipt sér af honum síðan á nokkurn hátt. Sóknaraðili hafi því ein fyrst í stað og síðan ásamt eiginmanni sínum að öllu leyti kostað uppeldi og framfærslu Kristins heitins. Því sé það hún ein, sem eigi að hljóta dánarbæturnar. Slík niðurstaða sé að öllu leyti eðlileg og í samræmi við réttarvitund venjulegs fólks og öll siðfræðilögmál. Þá sé þess að geta, að ákvörðun tryggingaráðs varðandi dánarbætur samkvæmt lögum um almannatryggingar sýni ótvírátt, að slík niðurstaða varðandi hinar samningsbundnu dánarbætur sé rétt. Megi og fullyrða, að sú niðurstaða styðjist beint og óbeint við ýmis ákvæði almannatryggingalaganna og sérstaklega við anda þeirra.

Sóknaraðili heldur því fram, að ákvæði laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, og þá sérstaklega 105. gr. þeirra, geti alls ekki átt við hér, þegar af þeirri ástæðu, að atvik málsins leyfi það ekki, sbr. niðurlag 1. mgr. nefndrar 105. gr. laganna.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að tryggingarfé það, sem hér um ræðir, sé þáttur í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þ. e. þáttur í launakjörum, sem hinn látni naut, og því beri að líta á það sem eftirlátnar eignir hans. Hefði hinn látni aðeins orðið fyrir slysi, þá hefði hann sjálfur fengið greiddar bætur, en við dauðaslys greiðist bæturnar nánustu aðstandendum hans, þ. e. dánarbúi hans. Hins vegar sé það ekki á valdi samningsaðilja að kjarasamningum að segja til um það, hvernig

féð eigi að skiptast milli aðstandenda, enda engin tilraun gerð til þess. Þar skeri hin almennu erfðalög úr. Reglur erfðaréttarins setji því og ákveðin takmörk, að váttryggingartaki ráðstafi slíku tryggingarfé, sbr. og ákvæði í 2. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Varnaraðili mótmælir því, að hjónalíf eða fjármálaviðskipti foreldra arfláta geti haft áhrif á réttarstöðu þeirra við erfðaskiptin eftir son þeirra. En eftir því, sem séð verði af gögnum málsins, og það sé í samræmi við staðreyndir, þá muni það í þessu tilfelli hafa verið sóknaraðili, sem yfirgaf eiginmann sinn, varnaraðilja, og tók með sér son þeirra heim til Íslands. Ekki sé vitað til þess, að hún hafi nokkru sinni krafið varnaraðilja um meðlag með drengnum né á annan hátt haft samband við hinn fyrrverandi eiginmann sinn, eftir að þau slitu samvistum. Í þessu sambandi tekur varnaraðili fram, að því sé ekki haldið fram, að sóknaraðili hafi á nokkurn hátt verið á frambæri hins látna, heldur þvert á móti sé það viðurkennt, að svo hafi ekki verið. Þá sé til þess að líta, að gagnkvæm framfærsluskylda sé milli kynforeldra og barna, en ekki milli stjúp barna og stjúpforeldris samkvæmt íslenskum lögum.

Um skiptingu fjárins kveður varnaraðili það ótvírætt, að fara beri eftir ákvæðum í 4. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, en þar sé vísað til erfðaréttarins. Sóknaraðili haldi ekki lengur fram kröfu sinni þess efnis, að arfstilkall sitt sé of seint fram komið, enda eigi slík málsástæða sér enga lagastoð.

Forsendur og niðurstaða.

Umraedd atvinnuslysatrygging er tekin af hlutafélaginu Höfn í Vestmannaeyjum, útgerðaraðilja m/b Sjöstjórnunnar, VE 92, til þess að fullnægja aðurnefndum ákvæðum í 27. gr. kjarasamnings milli útgerðarmanna og sjómanna. Í 13. gr. skilmála, sem fylgja tryggingarskírteininu, segir, að ákvæði laga nr. 20/1954 gildi um þau atriði, sem ekki séu ákvæði um í skírteininu eða sérskilmálum.

Í 122. gr. nefndra laga segir, að ákvæði 102.—106. gr. laganna gildi um slysa- og sjúkratryggingar eftir því, sem við eigi. Samkvæmt tryggingarskírteininu eru sex ónafngreindir menn tryggðir atvinnuslysatryggingu fyrir kr. 600.000.00 hver um sig, ef slys veldur dauða. Ekki eru í skírteini þessu greindir eða tilnefndir sérstakir rétthafar, sem greiða skuli tryggingarfjárhæðina, og ekki er fram komið, að tryggingarfélaginu hafi skriflega verið tilkynnt um rétthafa.

Telja verður það augljóst og ótvírætt, og um það er ekki deilt

í málinu, að tilgangur ákvæðanna í a lið 27. gr. kjarasamningsins sé sá, að tryggingarféð skuli koma aðstandendum skipverja, en engum öðrum, til góða, ef hann ferst, og verði þessu eigi breytt eða það afturkallað, hvorki af tryggingartaka né hinum tryggða. Útgerðarmaðurinn tekur trygginguna á þessum forsendum og með þetta í huga til þess að fullnægja samningsskyldum sínum, og er tryggingarfélaginu um það kunnugt.

Þar sem þessu er á þennan veg farið um kaup tryggingarinnar og önnur atvik, verður eigi talið, að hin ströngu formskilyrði í 103. gr. vátryggingarsamningalaganna eigi hér við. Því ber að líta á tryggingu þessa sem til hagsbóta aðstandendum hins tryggða og sé þar átt við „nánustu“ aðstandendur. Verður því umrætt tryggingarfé ekki dregið inn í búið. Er sú úrlausn í samræmi við reglur erfðaréttar um líftryggingarfé, þar sem rétthafi er tilnefndur. Styðst hún og af gagnályktun af ákvæðum 104. gr. nefndra laga.

Eins og að ofan er getið, hefur einn aðili, skattheimta ríkissjóðs, gert kröfur í dánarbúið utan málsaðilja. Hefur þessi aðili eigi kosið að gera kröfur af sinni hálfu um sakarefni þessa máls.

Um skiptingu fjárisins verður að telja, að fara beri eftir leiðbeiningum í 4. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954, þar sem eigi verður talið, að sýnt hafi verið fram á, að atvik málsins eigi að leiða til annars.

Kristinn Eiríkur Þorbergsson var ókvæntur og barnlaus, eins og áður er greint. Eru því málsaðiljar, foreldrar hans, einu lögerfingjarnir.

Eftir því, sem nú hefur verið sagt, er niðurstaða sú, að umrætt tryggingarfé, kr. 600.000.00, sem er í vörzlum skiptaréttarins, skal ekki draga undir skipti í dánarbúinu, en greiðast að jöfnu beint til málsaðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktunarorð:

Tryggingarfé að upphæð kr. 600.000.00 frá Bataábyrgðarféagi Vestmannaeyja skal ekki renna inn í dánarbú Kristins Eiríks Þorbergssonar, heldur skal það greiðast að jöfnu beint til málsaðilja, Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur og Thorbergs Thorbergssonar.

Málskostnaður fellur niður.